



Svartholið

Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Úlfhildur þrýsti á dyrabjölluna hjá ömmu sinni og gretti sig þegar hringingin glumdi við því hana verkjaði í höfuðið. Auk þess var hún með blóðbragð í munnum. „Það er alltaf sama sagan,“ muldraði hún og renndi tungunni yfir framtennum. Þær höfðu sem betur fer ekki brotnað þegar hún skall á svellið.

Einkennilegur skruðningur barst innan úr húsinu og Úlfhildur rétt mundi eftir að setja hettuna á peysunni upp áður en dyrnar opnuðust.

„Kemur bjargvætturinn minn,“ sönglaði amma Svala skælbrosandi. Augun í henni ljómuðu líkt og venjulega en Úlfhildi var brugðið. Amma hennar – sem var alltaf klædd eins og landkönnuður á leið í siglingu um heiminn – var í eiturgrenum krumpugalla! Skýringin var þó frekar augljós. Hún var með spelku á hægri fæti og studdist við hækjur.

„Mikið er gaman að sjá þig, Úlla mín. Það er svo langt síðan þú komst síðast,“ hélt amma Svala áfram. „Ég átti von á honum þabba þínum. En, hvernig læt ég? Komdu inn.“

„Þabbi þurfti að fara á enn einn krísufundinn. Hann bað mig að færa þér 1944-rétt fyrir sjálfstæða Íslendinga,“ bunaði Úlfhildur út úr sér og sveiflaði innkaupapoka með mynd af bleiku svíni. „Þú borðar vonandi kjöt því það verða grísahakkbollar með kartöflum og brúnni sósu í kvöldmatinn.“

„Það held ég nú. Þegar ég er verulega svöng fer ég létt með að gleypa heilt svín,“ sagði amma Svala sposk á svip. „En, Úlla mín, af hverju ertu svona blaut?“

„Æ, þetta er ekkert. Ég datt,“ flýtti Úlfhildur sér að segja. Hún var með kökk í hálsinum.

„Vonandi tóku kartöflurnar mesta höggið,“ sagði amma hennar. „Kjötbollar eru bestar með góðri kartöflustöppu.“

Úlfhildur gat ekki annað en hlegið og notaði tækifærið til að þurrka sér um augun.

„En, Úlla mín, hvað er að sjá framan í þig?“ Amma hennar lagði frá sér aðra hækjuna og kippti rauðri hettunni niður.

„Þetta er ekkert,“ tautaði Úlfhildur.

„Þetta **ekkert** er að umbreytast í bláleita kúlu á enninu á þér.“ Amma Svala horfði rannsakandi í augun á Úlfhildi.

Úlfhildur leit undan, renndi skólatöskunni af öxlinni og fór úr úlpunni en þegar hún ætlaði að sparka strigaskónum af sér sagði amma Svala:

„Ekki fara úr skónum alveg strax. Þú þarft að skreppa fyrir mig niður í Svarthol.“ Hún dró gylltan lykil upp úr vasa á krumpugallanum og rétti Úlfhildi.

„Ha?“ hváði Úlfhildur.

„Já, svona **ekkert** kallar á heimsins bestu súkkulaðiköku og það vill svo heppilega til að ég var búin að baka eina slíka áður en ég missteig mig,“ sagði amma hennar og hökti fram í eldhús á hækjunum áður en Úlfhildur náði að spyrja hvað hefði gerst.

Úlfhildur þurrkaði af fótunum á burstamottu í forstofunni og gekk hikandi inn í anddyri. Hún fékk alltaf sömu skrítnu tilfinninguna þegar hún kom þangað inn, líkt og einhver væri að fylgjast með henni. Kannski voru það bara postulínsstytturnar sem amma hennar hafði málað og raðað á hillu fyrir neðan ílangan spegil. Úlfhildi fannst eins og ein stytta hefði bæst í hópinn frá því hún kom í heimsókn síðast. Þarna voru dádýr, hvít kanína, kiðlingar, nokkrar gæsir, íkorni, grár úlfur, grísahópur, skógarbjörn og mús. Var úlfurinn nýr eða björninn – eða var það kannski grísahópurinn?

Henni varð litið í spegilinn og hún hrökk við. Kúlan var farin að skaga fram úr enninu eins og horn á einhyrningi. Það yrði erfitt að leynd henni þegar hún kæmi heim. Pabbi hennar var reyndar alltaf svo upptekinn við niðurskurð í einhverri fjárlaganefnd að hann tók sjaldnast eftir neinu. Sagðist þurfa að bjarga þjóðarhag, hvað sem það nú þýddi.

„Súkkulaðikakan er á kökudiski með silfurlitum hjálmi,“ kallaði amma Svala innan úr eldhúsinu. „Mig minnir að ég hafi sett hann á neðstu hilluna. En farðu varlega.“

Tröppurnar niður í kjallara voru snarbrattar og frekar sleipar. Þegar Úlfhildur var lítil hafði hún leikið sér að því að renna sér á púða á

fleygiferð niður og skríkt af gleði. Núna, þegar hún var með kvíðahnút á stærð við steinhnullung í maganum alla daga, var hún ekki jafn örugg með sig.

Á meðan hún gekk varlega niður stigann velti hún fyrir sér af hverju í ósköpunum amma Svala kaus að geyma mat í Svartholinu. Úlfhildur hafði stöku sinnum fylgt ömmu sinni niður til að hjálpa henni að bera krásir eins og rabarbaragraut, sólberjasultu, rúsínubrauð eða randalínköku upp í eldhús en hafði aldrei farið *inn* í Svartholið. Enda var Svartholið hennar ömmu Svölu ekkert í líkingu við svartholin sem Úlfhildur lærði um í skólanum. Þau virtust frekar sakleysisleg í samanburði við ískalda kompuna. Úlfhildur hafði meira að segja stundum óskað sér að sogast inn í eitt slíkt og verða að engu frekar en mæta genginu á skólalóðinni.

Neðan við stigann var þröngur gangur með dyrum sem lágu inn í þvottahús, geymslu og út í garð. Við enda hans var hurð sem var ólík öllum hinum. Hún var helmingi lægri, eins og hún væri ætluð dvergum, og handan hennar leyndist Svartholið. Amma Svala þurfti að beygja sig í keng til að komast inn um dyrnar, samt var hún enginn risi.

Þegar Úlfhildur nálgast Svartholið fór um hana hrollur. Það hvarflaði að henni að snúa við en hún vildi ekki bregðast ömmu sinni. Svo var hún líka alveg til í kökusneið eftir það sem á undan hafði gengið. Hún stakk lyklinum í skrána og opnaði dyrnar varfærnislega, líkt og hún ætti von á að vargur stykki út. Það gerðist ekki en kuldinn sem gaus á móti henni var svo megn að hún greip andann á lofti. Auk þess var niðamyrkur í Svartholinu eins og nafnið gaf til kynna. Hún þreifði árangurslaust á veggnum eftir ljósrofa, fálmaði síðan ofan í rassvasann á gallabuxunum eftir farsímanum sínum, en greip í tóm.

„Nei!“ æpti hún upp yfir sig. Síminn hlaut að hafa hrokkið upp úr vasanum þegar fótunum var kippt undan henni með löngum treffi. Sennilega lá hann eftir á svellinu fyrir framan Bónus. Eða það sem verra væri – að hrekkjusvínin hefðu fundið hann eftir að hún flúði burt.

„Er ekki allt í lagi?“ kallaði amma hennar ofan úr eldhúsi.

„Jújú,“ svaraði Úlfhildur en bölvaði í hljóði. Hún var dauðans matur ef þau höfðu tekið farsímann hennar. Hann var ólæstur. Þau gætu póstað hverju sem er á samfélagsmiðlana í hennar nafni og lífið yrði endanlega

óbærilegt. Hún yrði að drífa sig heim til að loka reikningunum sínum og láta sig hverfa af veraldarvefnum.

Úlfhildur opnaði dyrnar að Svartholinu upp á gátt. Birtan frá ganginum dugði ekki til að sjá alveg inn en þó mótaði fyrir hillum á veggnum næst hurðinni. Hún skimaði eftir einhverju til að halda dyrunum opnum. Ekki ætlaði hún að lokast inni í sortanum, hún gat ekki hugsað sér neitt verra ... ja, nema þá það, að þurfa að fara aftur í skólann.

Blómastígvél ömmu Svölu stóðu við útidyrnar sem lágu að garðinum. Úlfhildur náði í stígvélin og stillti þeim upp við hurðina. Síðan beygði hún sig til að reka hausinn ekki upp í dyrakarminn og fetaði sig niður þrjú steinþrep. Þá kom í ljós af hverju amma hennar hafði sagt henni að fara ekki úr skónum. Gólfíð í Svartholinu var moldargólf og gaf svolítið eftir við hvert skref. Úlfhildi leið eins og hún hefði ferðast aftur til þess tíma þegar fólk bjó í torfkofum og sagði hrollvekjandi draugasögur á kvöldin í stað þess að horfa á Netflix.

Hún fylltist óhug og skannaði hillurnar í flýti. Þær voru drekkhlaðnar alls kyns krukum, glerflöskum og öðrum ílátum en Úlfhildur kom fljótlega auga á kringlóttan silfurdisk með samlitum hjálmi í neðstu hillunni. Hún ákvað að lyfta hjálminum til að fullvissa sig um að þetta væri rétta kakan. Suðusúkkulaðilyktin með smá appelsínukeimi leyndi sér ekki og Úlfhildur fékk vatn í munninn.

Allt í einu barst gustur innan úr geymslunni. Í kjölfarið kom hávær skellur og allt varð kolsvart. Úlfhildi brá svo mikið að hún missti næstum jafnvægið, hjartað tók á sprett og hugurinn líka. Var hún læst inni? Hún fálmaði út í loftið í leit að einhverju til að styðja sig við en rakst þá í ósléttan vegg. Svo varð hún vör við hreyfingu út undan sér – og sneri sér löturhægt við. Flöktandi ljóstíra hafði kviknað lengst inni í Svartholinu. Í kjölfarið byrjuðu skuggamyndir að klifra upp með hrufóttum veggjum.

Úlfhildur ætlaði ekki að trúá eigin augum. Hurðin var horfin og hillurnar líka, ásamt öllu sem í þeim var – allt nema silfurliti kökuhjálmurinn sem Úlfhildur var enn með í annarri hendinni. Hún virtist stödd í helli! Hafði hún fengið heilahristing þegar hún datt á svellið eða var hana að dreyma? Nú sá hún ekki betur en verið væri að tendra bálköst við hellismunnann. Og handan varðeldsins grillti í himininn.

Önnur skuggavera bættist í hópinn og lagði nokkrar trjágreinar á bálköstinn og síðan enn önnur. Þegar loginn tók að dansa settust þær allar þunglega á afturendann og teygðu fram hendurnar til að hlýja sér. Eða ... voru þetta hendur?

Furðu lostin mjakaði Úlfhildur sér nær. Bjarminn frá eldinum lýsti framan í kringluleitar skuggaverurnar. Þær voru með framstætt trýni, stór eyru og lítil augu. Þetta voru gríslingar! Einn var með röndóttu þrjónahúfu á höfðinu, annar með hökutopp og sá þriðji doppóttu þverslaufu og það sem meira var ... þeir voru að tala saman. Úlfhildur lagði við hlustir:

„Hvað kom eiginlega fyrir stráhusið þitt?“ spurði grísinn með hökutoppinn húfuklæddan sessunaut sinn.

„Ha? ekkert,“ svaraði sá og dró þrjónahúfuna niður fyrir eyru.

„Af hverju ertu þá hér?“

„Æ, það kom smá gola og velti því um koll. Það var hvort sem er kominn tími til að stækka við sig,“ sagði hann. „En af hverju fluttir þú út úr bjálkakofanum þínum? Þú sagðir að kofinn væri sérlega traustur.“

„Óóó, hann var orðinn aðeins of þröngur og liðaðist í sundur í vestanvindi. En þú?“ sagði hann og sneri sér að þriðja grísnum. „Múrsteinshöllin þín átti að þola öll veður.“

„Það er allt í góðu lagi hjá mér,“ tísti hann.

„Nú?“ hváðu hinir.

„Jaaa, húsið var reyndar byggt á sandi svo það þoldi illa hvassviðri en ...“ Allt í einu hætti grísinn að tala og hnusaði út í loftið. „Finnið þið lyktina?“

Sá húfuklæddi dró að sér andann. „Ummm, já. Þetta er ilmurinn af heimsins bestu súkkulaðiköku.“

Þriðji gríslingurinn rak trýnið upp í loftið og allir litu þeir í átt til Úlfhildar. Hún fraus í sporunum en þeir sneru sér fljótlega aftur að varðeldinum og kepptust við að sannfæra sjálfa sig og félaga sína um að allt væri í himnalagi þrátt fyrir að þeir væru heimilislausir. Hvað var í gangi? Grísirnir virtust ekki koma auga á hana. Var hún orðin ósýnileg?

Úlfhildur lagði gljáfægðan kökuhjálminn frá sér og læddist meðfram klettaveggnum út á syllu framan við hellismunnann án þess að svínin svo mikið sem litu upp. Hún fíkraði sig út að brúninni og tók

andköf. Hellisskútinn gnæfði hátt yfir þéttum skógi sem teygði sig eins langt og augað eygði. Stígur hlykkjaðist í gegnum skóginn, líkt og snákur, alla leið að skógarjaðrinum beint fyrir neðan klettavegginn. Þaðan lá einstigi upp með snarbrattri hlíðinni og þrátt fyrir að farið væri að rökkva kom Úlfhildur auga á eitthvað læðast upp stíginn. Hún fylgdist með því færast nær og nær þar til henni hætti að lítast á blikuna.

„Halló, halló! Hérna ... eigið þið nokkuð von á gesti?“ spurði hún gríslingana en fékk ekkert svar.

Þeir voru niðursokknir í að tala um veðrið sem þeim fannst hafa versnað til muna undanfarið.

Hún baðaði út höndunum og galaði: „Það er einhver að koma!“

En grísirnir sýndu engin viðbrögð – þeir heyrðu ekki í henni.

Úlfhildur rigsaði ráðalaus aftur inn í hellinn og svipaðist um eftir góðum felustað. Kannski gat hún hniprað sig saman, lagst í dvala eins og skógarbjörn og látið sem þetta væri ekki að gerast. Hún settist niður við hellisvegginn og leit yfir til grísanna sem héldu áfram að ræða tíðarfarið. Skyndilega sá hún hvar stærðarinnar úlfur rölti makindalega inn á klettasýlluna. Grísirnir þrír hrukku í kút en Úlfhildur þrýsti sér upp að veggnum, skelfingu lostin.

„Svo það er hér sem þið haldið ykkur, beikonborgararnir,“ sagði úlfurinn eiturhress. „Hélduð þið að ég myndi ekki renna á lyktina? Þökk sé mér, þá hafið þið ekki lengur í nein hús að venda. Talandi um að á móti blási.“ Hann hló tröllslega. „Ég bara másaði og hvásaði og hreysin fuku um koll. Ekki aðeins einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar sinnum. Það svínvirkaði.“ Úlfurinn tók bakföll yfir eigin hótfyndni og grísirnir virtust skreppa saman. „Að vísu er úr mér allur vindur en leiknum er lokið því þið eruð allir komnir út á gaddinn og í fangið á mér. Eigum við kannski að steikja okkur smá fleskesteg, eins og Danirnir kalla það?“ Hlátursrokurnar stigmögnuðust þar til úlfurinn stóð á öndinni.

„Var það hann sem rústaði kofaskriflunum ykkar?“ spurði grísinn sem áður bjó í múrsteinshöll.

Hinir hnussuðu móðgaðir en litu svo vandræðalegir hvor á annan og kinkuðu kolli.

„Af hverju komuð þið ekki til mín? Höllin hefði hæglega rúmað okkur alla. Ég var með heitan pott og allt.“

„Hann hótaði mér,“ tautaði sá með þrjónahúfuna.

„Ég varð svo lítill í mér,“ hvíslaði hinn og togaði í hökutoppinn.

„Þið eruð alltaf svo uppþeknir. Ég vildi ekki trufla.“

„Æææ, ég veit. Ég skammaðist mín líka fyrir að vera hræddur við varginn,“ sagði hallargrísinn og lagaði þverslaufuna blóðrauður í framan. „En það er hann sem ætti að skammast sín, ekki við.“

„Nú stöndum við þétt saman,“ sagði bjálkakofagrísinn.

„Og byggjum okkur risastórt glerhús,“ bætti fyrrverandi strákofaeigandinn við.

Svo sungu þeir allir í kór: „Stórt knús!“ Og féllust í faðma.

Úlfurinn sleikti út um.

„Passið ykkur!“ æpti Úlfhildur en það var til lítils því grísirnir hvorki sáu hana né heyrðu.

Og áður en hún gat nokkuð að gert hafði úlfurinn opnað gríðarstóran kjafinn og gleypst þá, einn af öðrum, í heilu lagi. Aðeins röndóttar þrjónahúfan lá eftir á klettasyllunni til minningar um grísina þrjá. Úlfhildur greip fyrir munninn til að kæfa óp en úlfurinn lagðist afvelta á bakið, sleikti á sér groddalega hrammana, krækti í húfuna og tróð henni yfir höfuðið. Hann virtist ætla að taka sér smá lúr eftir grísaveisluna.

Reiðin stigmagnaðist í maganum á Úlfhildi og hjartað sló svo hratt að blóðið suðaði fyrir eyrunum. Hún tók kökuhjálminn upp og slengdi honum af krafti utan í vegginn. Hvellur hljómurinn bergmálaði um hellinn.

Úlfurinn hrökk upp með andfælum. „Hver er þar?“ spurði hann, reif af sér þrjónahúfuna og velti sér þunglamalega á fætur, líkt og hann hefði étið þrjá grjóthnullunga. „Leynist hér kannski ein skinkurúllan til?“ spurði hann og rýndi inn í hellinn.

Úlfhildur beit á jaxlinn og herti upp hugann – nú hafði þó loksins heyrst til hennar – hún kyngdi óttanum og steig fram með silfurlitaðan kökuhjálminn sem skjöld. Bjarminn frá eldinum endurkastaðist af kökuhjálminum og gullinn glampi sindraði í augum úlsins. Hann rak nefið upp í loftið og sleftaumar láku út um munnvikin á honum.

„Er það ærandi lyktin af heimsins bestu súkkulaðiköku sem ég finn?“ urraði hann og setti undir sig hausinn. Síðan stikaði hann í átt til Úlfhildar með opið ginið.

Hún stóð sem lömuð og fylgdist með úlfinum sem kom nær og nær og nær ... En þegar hann var kominn það nálægt að Úlfhildur gat séð flugbeittar tennurnar í honum rak hann snarlega í rogastans. Úlfhildur hélt niðri í sér andanum en vargurinn virtist ekki hafa augastað á henni – hann starði á eigin spegilmynd í kökuhjálmnum. Glyrnurnar glenntust upp og stór eyrun lögðust aftur, svo gaf hann frá sér aumt hvolpavæl og snerist á hæli. Garmurinn var svo hræddur við grimmilegt greppitrýnið að hann flúði með skottið á milli afturlappanna út úr hellinum og fram hjá kulnandi varðeldinum. Þegar hann ætlaði að beygja niður stíginn vildi ekki betur til en svo að hann skransaði og missti jafnvægið, enda búinn að bæta allhressilega á sig miðjan. Úlfurinn vó salt á klettabrúninni eitt andartak, svo valt hann fram af.

Skaðræðisspangólið dó smám saman út og það gerði varðeldurinn líka.

Úlfhildur fleygði kökuhjálmnum frá sér og ætlaði að rjúka inn í hellinn, staðráðin í að finna leiðina aftur til ömmu sinnar, en fæturnir vildu ekki hlýða og hún flaug fram fyrir sig. Ennið skall á stórgrýti. Allt hringsnerist og varð svart. Úlfhildi fannst myrkrið ætla að gleypa hana, **líkt og svarthol**. En þá barst henni seiðandi suðusúkkulaðilykt með appelsínukeimi – ilmurinn af heimsins bestu súkkulaðiköku – og Úlfhildur reisti sig á fætur og hélt af stað í átt að kökuilminum, þrátt fyrir að sjá varla handa sinna skil.

Skyndilega glitti í gylltan hurðarhún og svo sá hún að hillurnar voru aftur komnar á sinn stað. Úlfhildur greip silfurlitaðan kökudiskinn í fangið, rykkti hurðinni upp og stökk fram á gang. Ljósið var svo skært að hún fékk ofbirtu í augun. Hún gætti þess þó að loka kirfilega á eftir sér og sneri lyklinum í skránni. Síðan stakk hún honum í vasann og skilaði blómastígvélum ömmu Svölu, sem höfðu fallið á hliðina, aftur á sinn stað.

* * *

„Úlla mín, er ekki allt í lagi?“ spurði amma hennar þegar Úlfhildur kom móð og másandi upp í eldhús.

„Nei,“ tilkynnti Úlfhildur og skellti kökudiskinum á mitt borðið. „Það er **ekki** allt í lagi.“ Því næst settist hún niður, skar sér sneið af dúnmjúkri súkkulaðikökunni, fékk sér fyrsta bitann, lygndi aftur augunum

og hóf að segja ömmu sinni frá þremmenningunum sem höfðu verið að hrella hana í skólanum.

Amma hennar lagði við hlustir, saup öðru hvoru á kaffinu sínu og kinkaði kolli alvarleg á svip. Eftir að hafa heyrt alla söguna rétti hún Úlfhildi rauðan farsíma. „Ég geri ráð fyrir að þú eigir þennan. Hann lá á botninum á Bónuspokanum.“

Úlfhildur greip farsímann sinn fegins hendi.

„Viltu ekki eiga við hann pabba þinn nokkur orð? Það er tímabært að sonur minn fari að rækta garðinn sinn, í stað þess að stunda skógarhögg í frumskógi fjármálanna,“ sagði amma Svala.

Nú var komið að Úlfhildi að kinka kolli og hún hringdi í pabba sinn og sagði honum, skjálfandi röddu, frá því hvernig bekkjarfélagar hennar höfðu lagt hana í einelti síðan skólinn byrjaði um haustið. Pabbi hennar lofaði, í algjöru fátí, að slíta fundinum og koma í grænum hveli.

Að samtalinu loknu saug Úlfhildur upp í nefið og hámaði í sig afganginn af kökusneiðinni. „Ummm,“ umlaði hún og fann sælustraum fara um sig alla.

„Já, heimsins besta súkkulaðikaka *er* ævintýrlega góð,“ sagði amma hennar.

„Og ilmurinn er svo lokkandi,“ sagði Úlfhildur.

„Vonandi hefur kakan líka lækningamátt,“ sagði amma Svala. „Ég get ekki beðið eftir að komast aftur á ról.“

„Hvað kom eiginlega fyrir?“ spurði Úlfhildur og fékk sér mjólkursopa.

„Æ, ég missteig mig í fjallgöngu. Algjör klaufaskapur. Ég mátti þakka mínum sæla fyrir hve stutt var heim. Annars hefði getað farið illa.“

„Ha? Af hverju?“ Úlfhildur lagði glasið frá sér.

„Ja ... ég var á leið upp bratta fjallshlíð, með fulla bastkörfu af dýrindis sveppum sem ég hafði tínt á skógarbotninum, þegar ég sneri á mér öklann. Ég missti körfuna og hún valt niður stíginn. Og þar sem ég sat og var að nudda á mér fótinn kom ég auga á gráan úlf aðeins neðar á stígnum. Heldurðu að hann hafi ekki bara verið að háma í sig alla sveppina, eins og ekkert væri sjálfsagðara,“ sagði amma Úlfhildar á innsoginu. „Vargurinn virtist frekar óárennilegur en ég hefði engu að

síður staðið í lappirnar og skammað hann fyrir ósvífnina hefði ég ekki verið hálf fótlima. Það er gott og blessað að vera kjarkaður en stundum getur verið lífsnauðsynlegt að vera hræddur. Og því skrölti ég tómhent hingað heim eins hratt og ég komst.“

Úlfhildur gapti.

„En, Úlla mín, þú áttir eftir að segja okkur pabba þínum lykilatriðið. Það sem gæti leyst þig undan þessari áþján. Hvað heita hrekkjusvínin þrjú sem hafa verið að gera þér lífið leitt?“ spurði amma Svala og augun í henni leiftruðu.

Úlfhildur dró djúpt andann og sagði hátt og skýrt: „Grímúlfur, Gunnhildur og Gottskálk.“ Og það var líkt og hún hefði losnað úr álögum því kvíðahnúturinn í maganum var horfinn.

Endir